



ÁRSSKÝRSLA 2019

GOLFKLÚBBURINN ODDUR
Sími: 585 0050 - oddur@oddur.is
www.oddur.is



Efnisyfirlit

5. Úrslit Meistaramóts GO 2019

6. Skýrsla stjórnar GO

14. Ársreikningur GO 2019

30. Skýrsla Kvennanefndar

32. Skýrsla afreksnefndar

35. Skýrsla félagsnefndar

38. Skýrsla mótanefndar

Ársskýrsla GO 2019

Útgefandi: Golfklúbburinn Oddur

Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Þorsteinsson

Umbrot: Svavar Geir Svavarsson

Ljósmyndir: Helga Björnsdóttir, Svavar Geir Svavarsson, Baldur Hólmsteinsson, o.fl.

Forsíðumynd tók Svavar Geir Svavarsson á Urriðavelli.



Golfklúbburinn Oddur 2019



Á síðasta aðalfundi var Elín Hrönn Ólafsdóttir endurkjörin formaður stjórnar, Halla Hallgrímsdóttir og Berglind Rut Hilmarsdóttir voru kosnar til tveggja ára. Fyrir í stjórninni sátu Kári Sölmundarson og Einar Geir Jónsson áfram til eins árs og varamaður var kosinn Auðunn Örn Gylfason. Í lok september tilkynnti Elín Hrönn, stjórn og starfsfólki, að hún þyrfti að stíga til hliðar frá formennsku Golfklúbbsins Odds sökum anna í vinnu og MBA námi sem hún væri nýbyrjuð í og við embætti hennar tók Kári Sölmundarson.

Stjórn Odds starfsárið 2018-2019 var því þannig skipuð í upphafi ársins.

Elín Hrönn Ólafsdóttir:	formaður
Einar Geir Jónsson	varaformaður
Berglind Rut Hilmarsdóttir	ritari
Halla Hallgrímsdóttir	gjaldkeri
Kári Sölmundarson*	meðstjórnandi
Auðunn Örn Gylfason	varamaður
Sigurður I. Halldórsson	áheyrnarfulltrúi GOF

*Kári tók svo við formennsku frá september 2019

Endurskoðendur ársreiknings:

Davíð Einarsson og Helgi F. Arnarsson

Á starfsárinu voru haldnir 11 formlegir stjórnarfundir. Að auki voru haldnir fjöldi nefnda og vinnufunda vegna verkefna á vegum stjórnar GO. Í lok golfsumarsins 2019 voru 1.467 félagar skráðir í Golfklúbbinn Odd. Þar af voru 322 skráðir í Ljúflingsaðild.

Starfsmenn GO 2019

Framkvæmdastjóri:	Þorvaldur Þorsteinsson
Skrifstofustjóri:	Svavar Geir Svavarsson
Vallarstjóri:	Tryggvi Ölver Gunnarsson
Vallarstarfsmenn:	Kristinn S. Jónsson
Verkstæði:	Maron Tryggvi Bjarnason
Vallarþjónusta:	Baldur Hólmsteinsson
Afgreiðsla:	Svavar Geir Svavarsson Valdimar Lárus Júlíusson Ottó Bjartmarz

Hola í höggi á Urriðavelli 2019

Eftirtaldir aðilar tilkynntu afrek sitt um holu í höggi til einherjaklúbbsins eða til afgreiðslu Urriðavallar í sumar og óskum við þeim innilega til hamingju með afrekið.

Anna Hulda Sigurðardóttir, 24.5.2019 - Hola 15
Karl Sigurhjartarson, 26.5.2019 - Hola 15
Brynjar Sverrisson, 30.5.2019 - Hola 15
Kristófer Helgi Helgason, 1.6.2019 - Hola 15
Ágúst Valgeirsson, 10.6.2019 - Hola 13
Sigrún Sigfúsdóttir, 21.7.2019 - Hola 8
Daníel Arason, 6.8.2019 - Hola 4
Geir Magnússon, 30.8.2019 - Hola 4
Bjarni Kristinsson, 2.9.2019 - Hola 13
Steingrímur Haraldsson, 11.9.2019 - Hola 15



Klúbbmeistarar GO 2019

236 + 1 kylfingur tóku þátt í Meistaramóti Golfklúbbsins Odds í ár



Meistaramót Golfklúbbsins Odds fór fram dagana 6. júlí - 13. júlí 2019. 236 + 1 kylfingar tóku þátt í mótnu að þessu sinni sem var töluverð fjölgun frá síðasta ári og ástæða fyrir þessum + 1 er að Eiríkur Bjarnason afrekaði það að leika alla mótsdagana og telst þá sem tveir. Hér eru upplýsingar um sigurvegara í þeim flokkum sem keppt var í. Klúbbmeistarar í meistaraflokkum urðu þau Rögnvaldur Magnússon og Hrafnhildur Guðjónsdóttir.

Vinningshafar í meistaramóti 2019

Meistaraflokkur karla

Rögnvaldur Magnússon 295 högg

Meistaraflokkur kvenna

Hrafnhildur Guðjónsdóttir 309 högg

1. flokkur karla

Reynir Daníelsson 330 högg

1. flokkur kvenna

Elín Hrönn Ólafsdóttir 344 högg

2. flokkur karla

Auðunn Örn Gylfason 334 högg

2. flokkur kvenna

Helga Hermannsdóttir 385 högg

3. flokkur karla

Jón Ævarr Erlingsson 350 högg

3. flokkur kvenna

Jóhanna Þórunn Olsen 105 punktar

4. flokkur karla (teigar 49)

Þorsteinn Jónsson 378 Högg – sigraði á fyrstu holu bráðabana við Eirík Bjarnason og Tómas Albert Holton sem skiptu með sér 2-3. sæti

4. flokkur kvenna

Birgitta Ösp Einarisdóttir 122 Punktar

5. flokkur karla (teigar 46)

Ólafur Sigurðsson 107 Punktar

Karlaflokkur 50 + Höggleikur 0 – 15,0

Þór Geirsson 252 Högg

Karlaflokkur 50 + Höggleikur 15,1 – 25,0

Pétur Konráð Hlöðversson 280 Högg

Kvennaflokkur 50 + Höggleikur 0 – 15,0

Magnhildur Baldursdóttir 274 Högg

Kvennaflokkur 50 + Höggleikur 15,1 – 25,0

Margrét Ólafsdóttir 289 Högg

Karlaflokkur 50-64 ára

Friðrik Kristjánsson 89 Punktar

Kvennaflokkur 50-64 ára:

Ingibjörg Baldursdóttir 96 Punktar

Karlaflokkur 65 ára og eldri

Dagbjartur Björnsson 92 Punktar

Kvennaflokkur 65 ára og eldri

Ingibjörg Bragadóttir 90 Punktar

Strákar 11 – 13 ára

Sigfús Ísarr Þórðarsson 40 Punktar

Strákar 10 ára og yngri

Arnar Daði Svavarsson 45 punktar



Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Odds 2019

- Kári Sölmundarson formaður GO skrifar



„elstu menn muna vart eftir annarri eins
sumarblíðu nánast alla daga“

Kæru félagar.

Á síðasta ári hófst inngangur að þessari skýrslu með tilvitnun í Trausta Jónsson veðurfræðing þar sem við höfðum eftir honum tölfraedi sem sneri að sólarlausu sumri og almennum leiðindum í veðri. Við höfðum vissulega áhyggjur af því í upphafi þessa árs að veðuráhrif síðasta sumars myndu valda ákveðnu brottfalli en raunin varð sem betur fer allt önnur. Völlurinn var frábær og veðrið var verulega gott þannig að elstu menn muna vart eftir annarri eins sumarblíðu. Golfsumarið hófst snemma þetta árið en völluminn opn-
aði formlega 4. maí og það var nánast þannig að allt fram að lokun þann 21. október að greina mátti líf og fjör á svæðinu, allir vildu sækja í golf og golfþróttin blómstraði um allt land.

Stjórn og starfsfólk

Á síðasta aðalfundi var Elín Hrönn Ólafsdóttir endurkjörin formaður stjórnar, Halla Hallgrímsdóttir og Berglind Rut Hilmarsdóttir voru kosnar til tveggja ára. Fyrir í stjórninni sátu Kári Sölmundarson og Einar Geir Jónsson áfram til eins árs og varamaður var kosinn Auðunn Örn Gylfason. Þeir Helgi F. Arnarson og Davíð Einarsson voru kjörnir skoðunarmenn reikninga og Ásbjörn Björnsson til vara. Sigurður Ingi Halldórsson sat stjórnarfundi sem áheyrnarfulltrúi samkvæmt samningi við landeigendur. Stjórnin hélt 11 bókaða stjórnarfundi á árinu ásamt fjölda vinnufunda.

Í lok september tilkynnti Elín Hrönn, stjórn og starfsfólk, að hún þyrfti að stíga til hliðar frá formennsku Golfklúbbsins Odds sökum anna í vinnu og MBA námi sem hún væri nýbyrjuð í og við embætti hennar tók Kári Sölmundarson. Elín Hrönn hefur verið ötul í starfi klúbbsins til fjölda ára, fyrst í félagsnefnd GO, kom að undirbúningi EM kvennalandsliða haustið 2015 ásamt því að hafa stýrt verkefnaplani sjálfboðaliða í tengslum við EM 2016. Síðastliðin þrjú ár hefur Elín Hrönn sinnt starfi formanns GO og ýtt úr vör stórum verkefnum. Stjórn Golfklúbbsins Odds vill nota tækifærið og þakka Elínu Hrönn fyrir mjög gott samstarf á liðnum árum.

Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu eru Þorvaldur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri og Svavar Geir Svavars-son markaðs- og skrifstofustjóri. Á sínu 19 starfsári fór Tryggvi Ölver Gunnarsson vallarstjóri fyrir vallarstarfsmönnum. Með honum við umsjón valla og tækja í föstu starfi störfuðu þeir Kristinn S. Jónsson



og Maron Tryggvi Bjarnason vélamaður. Snemma í vor bættust í þeirra hóp þrír galvaskir herra menn, en ákveðið var að leita að starfsmönnum með reynslu og dugnað sem gætu staðið vaktina með okkar starfsfólki og komið til starfa mun fyrir en við að jafnaði fáum starfsmenn á völlum. Mikil verðmæti eru fólgin í góðum starfsmönnum sem oft hefur reynst erfitt að halda í sökum þess að vinnutímabilið er stutt og tímabundið. Það var því ánægjulegt að upplifa það hversu vel þessir starfsmenn nutu sín og styrktu hópinn og við vonum svo sannarlega að þeir verði með okkur næsta sumar eins og þeir hafa gefið upp að vilji sé til. Við góðan kjarna starfsmanna bættist svo í hópinn þegar nær dró sumri bæði starfsmenn sem verið hafa hjá okkur síðustu sumur ásamt einnig ungu fólki í gegnum Garðabæ.

Valdimar Lárus Júlíusson og Ottó Axel Bjartmarz stóðu vaktina í afgreiðslunni og þeim til halds og trausts var Svavar Geir Svavars-son eins og áður. Okkar eini og sanni “einn með öllu” Baldur Hólmsteinsson stóð að sjálfsgöðu vaktina hér af því líkum dugnaði og eljusemi í valla-
aðstoð og almennri umsjón með svæðinu.

Golfkennslan á Urriðavelli er áfram í höndum Golf Akademiú Odds þar sem þeir Phill Hunter og Rögnvaldur Magnússon sjá um alla kennslu ásamt því að Ottó Axel Bjartmarz og Noah Alex Hunter starfa með þeim við barnanámskeiðin ásamt nokkrum ungum aðstoðarmönnum. Frábært er að sjá að aukning er veruleg á hverju ári í þessu starfi og við vonumst að sjálfsgöðu til þess að geta boðið þessu unga fólki aðstoðu til golfiðkunar allt árið í framtíðinni og greinilegt að það er í stóran hóp að sækja.

Breytingar urðu á veitingaþjónustu á árinu en Par 3 ehf., þar sem Nikulás og Pálína stóðu vaktina ásamt sínu fasta starfsfólki hætti starfssemi sinni hér á Urriðavelli og viljum við færa þeim við þetta tækifæri kærar þakkar fyrir þeirra störf og framlag á undanförnum árum. Við auglýstum eftir nýjum veitingaaðilum og ákveðið var að semja við ungt og upprennandi fyrirtæki, LUX veitingar, þar sem meistarakokkarnir Viktor Örn Andrésson og Hinrik Örn Lárusson eru við stjórnvölin. Segja má að mikil breyting hafi orðið á veitingarekstrinum við komu þeirra, bæði á sal og veitingum og sumarið í sumar var að þeirra sögn mikill skóli fyrir þá. Það er fjölbreytt mannlíf á golfvöllum og áherslur mismunandi hópa ólíkar og því eðlilegt að ekki sé hægt að ná til allra í fyrstu tilraun en það er mikill hugur í þeim að gera betur á komandi ári. Við höfum fulla trú á því að þeir komi enn sterkari inn á

næsta ári og greinilegt að þeir ætla ekki að sitja auðum höndum í vetur og byrjuðu með glæsilegu villibráðarkvöldi að loknu golfsumri hér í október sem sló vel í gegn. Góð viðbrögð eru við jólahlaðborðum og öruggt að við eigum von á einhverjum fleiri viðburðum í vetur sem gaman verður að taka þátt í og hvetjum við okkar félagsmenn til að vera virk og styðja við þennan hluta sem má líta á sem hluta af félagsstarfi. Við fær-
um þeim sérstakar þakkar fyrir þeirra framlag.

Félagsmenn

Skráðir félagsmenn í Oddi voru í lok starfsársins 1467. Af þeim eru 1.145 með fulla félagsaðild en 322 félagar eru með Ljúflingsaðild. Oddur er þriðji stærsti klúbbur landsins innan vébanda GSÍ og eru félagsmenn í Oddi um 8,2% af heildarfjölda kylfinga á Íslandi sem nú telja tæplega 18 þúsund manns. Bókaðir hringir á Urriðavelli voru 30.975 Til sam-
burðar voru 23.392 hringir bókaðir í fyrra og því er aukning um c.a. 32 % í leiknum hringjum á milli ára sem skýrist af þessu dásamlega sumri. Ljúflingur lét sitt heldur ekki eftir liggja og jókst umferðin þar um 80% úr því að vera með 4.078 selda dagpassa 2018 í 7.372. Er þá ekki tekið tillit til þeirra sem að öllu jöfnu spila Urriðavöll en hafa farið hringi á Ljúflingi.

Konur í golfklúbbum Oddi eru nú 589 talsins eða 40,1 % félagsmanna og hefur það hlutfall haldist nánast óbreytt nú í nokkur ár. Hlutfall kvenna á landsvísu er 32% þannig að við erum langt yfir meðaltali eins og undanfarin ár og raunar með hæsta hlutfall kvenna í golfklúbbum á Íslandi. Stjórn klúbbsins er stolt af þessari stöðu og undirstrikar þessi staða mikið og gott starf sem unnið er af kvennanefnd klúbbsins.

Félagsstarf

Félagsstarf er borið uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins og þátttöku í hinum ýmsu viðburðum. Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur það ánægju félagsmanna við ástundun íþróttarinnar og andinn í starfinu verður skemmtilegri og ánægjan skilar sér margfalt til baka. Eins og staðan er hjá okkur í dag markast starfsemi okkar og félagsstarf af þeirri aðstöðu sem við höfum upp á að bjóða og þar stöndum við einstaklega vel að vígi með frábæran golfvöll, flottan æfingavöll og góða æfingaaðstöðu sem nýtist okkur vel þegar félagsstarfið er í hámarki yfir sumartímamann. Sú krafa að halda úti góðu starfi yfir vetrartímabilið verður alltaf háværari og þar stöndum við höllum fæti í samburði við okkar nágranna.



Garðar, Magnús, Jón Ární og Gunnar

Þar sem sumarið mætti í fyrra fallinu þetta árið þá hófst hefðbundið mótahald snemma. Liðakeppni GO, hélt sínum sessi og þetta mótaár var það 13. í röðinni og þar sigraði liðið Sex Urriðar með glæsibrag eftir hörkukeppni. Alls tóku 20 lið þátt í mótinu þetta árið.

Við lyftum 17. júní mótinu upp á nýjan stall með glæsilegum verðlaunum en þrír þátttakendur unnu sér inn golfferð til Póllands þar sem þeir tóku þátt í liðakeppni fyrir hönd GO. Lið GO stóð sig svo með þryði á mótinu og hafnaði í 2. sæti einungis einum punkti frá efsta sætinu. Vissulega frábær leið til að efla félagsstarf og félagsanda en eftir svona ferð styrkast vinabönd og aðilar kynnast betur sem áður áttu mögulega ekki dagleg samskipti í okkar golfumhverfi. Gaman er frá því að segja að við stefnum á að endurtaka það á nýju ári að senda lið til keppni í Póllandi og við höfum fulla trú á því að okkar lið vinni mótið á komandi sumri.

Þau markmið okkar að vilja bæta hér aðstöðuna eins og við höfum kynnt okkar félagsmönnum bæði með draumsýn um stærri skála og vinnu nefnda í þá veru, sýna að við höfum skýra sýn til framtíðar. Okkar bíður spennandi verkefni og við munum halda áfram á komandi ári að vinna að því að láta drauma okkar rætast. Við höfum trú á því að rödd okkar fari að heyrast hjá bæjarfélaginu og landeigendum og innan fárra ára verðum við komin á fullt í framkvæmdir.

Til að stikla á stóru í félagsstarfi ársins þá byrjaði starfið síðastliðinn vetur þar sem við héldum áfram að samnýta golfskálann á laugardögum með kvennanefnd sem stóð fyrir þúttmótaröð fyrir konur og félagsnefndinni sem stóð fyrir gönguferðum um nágrenni vallarins sem voru vinsælar. Áttum við flotta laugardaga hér saman í vetur þar sem vöflujárnið var hitað og boðið upp á heitar og kaldar veitingar við góðan róm félagsmanna sem hingað sóttu.



DíDí sigraði punktkeppni kvenna í Póllandi þar sem lið GO náði öðru sæti.



Ingjaldur Ásvaldsson hlaut gullmerki GSÍ en hann hefur verið einn af máttarstólpum Golfklúbbsins Odds frá upphafi.



Meistaramót GO tókst afar vel í ár og það má segja að samkvæmt venju þá kláruðu Rögnvaldur Magnússon og Hrafnhildur Guðjónsdóttir meistaramótið með stæl eins og síðustu ár og urðu þau klúbbsmeistarar GO árið 2019 í meistaraflokki karla og kvenna. Lokahólf meistaramótsins var svo glæsilegt í alla staði og þar fór fram flott félagsskemmtun. Töluverð fjölgun var í mótinu í ár og stefnan er tekin á enn fjölmennara mót 2020. Holukeppni GO hefur fest sig í sessi hjá okkur og að þessu sinni stóð uppi sem sigurvegari með glæsibrag Hrafnhildur Guðjónsdóttir en þetta var í 5 sinn á síðustu sex árum sem konur sigra þetta mót. Félagsandinn var svo virkjaður í tengslum við Íslandsmót golfklúbba í golfi þar sem við kölluðum til sjálfbodaliða til að aðstoða okkur við ýmis verkefni því tengdu. Mótið tókst vel í alla staði og þar sem þetta mót var hluti af tveggja ára verkefni með nágrönnum okkar í GKG, endurtökum við leikinn aftur á næsta ári og vonum að félagsmenn taki vel í það að aðstoða okkur við þá framkvæmd svo við göngum stollt frá því verkefni eins og okkar er von og vísa.

Segja má að þátttaka í mótum almennt í sumar og þá um leið í félagsstarfi hafi verið með eindæmum góð. Konurnar létu sitt ekki eftir liggja í þessum efnunum og fjölmenntu á viðburði kvennanefndar svo húsfyllir var á hverjum viðburðinum á fætur öðrum. Við lukum svo sumrinu með lokamótum og lokahófum eins og tíðkast hefur í septembermánuði og svo var mótaárið klárað með glæsibrag í fjölmennustu bændaglímu sögunnar og örugglega landsins þar sem við troðfylltum allar 27 golfholur vallarsvæðisins og kláruðum kvöldið með góðri skemmtun og góðum mat.

Sú hefð hefur skapast síðustu ár að þegar golfvertíðinni lýkur í október þá klárum við gott sumar með golfferð GO. Í ár fór flottur hópur félagsmanna í haustgolf ferð klúbbsins sem þetta árið var á golfsvæði El Plantio á Spáni. Hópurinn samanstóð af um 30 manns og ferðin þótti takast vel. Við stefnum að sjálfsgöngu á haustferð 2020 og munum vinna í því í vetur að finna góðan stað til að kára næsta golfár með góðum félögum á erlendri grundu.

Okkar leið til að miðla upplýsingum um viðburði og til að binda saman sumarið er að halda úti nokkrum miðlum og reynum við að halda þeim líflegum með reglulegum fréttabréfum, facebookfærslum og fréttum á heimasíðu. Alls sendum við út 30 fréttabréf á árinu auk fjölmargra fréttu á heimasíðu og samfélagsmiðlum. Vonumst við til að allir fái þær upplýsingar sem við sendum frá okkur. Það má alltaf gera betur í þessum efnunum og við viljum endilega virkja okkar

félagsmenn til verksins hvort sem þeir “tagga” myndir, senda okkur fréttir, senda okkur myndir eða koma fram með ábendingar um það sem betur má fara. Í sameiningu náum við meiri árangri.



Sigfús og Arnar Daði sigruðu sína flokka á meistaramóti GO

Afreks-, barna- og unglíngastarf

Eins og við höfum talað um undanfarin ár er staða golfklúbbsins Odds hvað varðar barna og unglíngastarf ekki á þeim stað sem við viljum sjá og er það að öllu leiti orsök aðstöðuleysis á ársgrundvelli. Áherslur golfklúbbsins hafa því aðlagast aðstæðum tímabundið á þann hátt að við leggjum mikla áherslu á að þau börn sem okkur heimsækja á sumrin á golfleikjanámsskeið verði félagsmenn og fái fullan aðgang að æfingarsvæði, æfingavelli (Ljúflingi) og kynnist þannig svæðinu og golfiþróttinni á jákvæðan hátt. Mikil fjölgun hefur orðið í þessu sumarstarfi okkar og hingað komu um 230 krakkar síðasta sumar. Klúbburinn er afar stoltur af því að fjölgun sé í þessum hópi ár frá ári og einnig erum við stolt af því að geta boðið upp á fína aðstöðu á sumrin fyrir þessi námskeið hér á Urriðavelli. Golfakademía Odds hefur staðið sig frábærlega í sínu utanumhaldi á þessum námskeiðum. Við erum fullviss um að sóknarfæri er í fjölgun iðkenda í hópi barna og unglínginga og þörf er á uppbyggingu á svæðinu svo hægt sé að þjónusta stóran hluta þessara barna og komandi kynslóða í okkar frábæra umhverfi. Við bindum vonir við að uppbygging í Urriðaholti sem rís hratt og vel muni styðja vel við þessa framtíðarsýn.

Afreksstarf karla og kvenna, eldri og yngri er líflegt og gott þó aðstæður til æfinga séu langt frá því að vera viðunandi yfir vetrartímamann en afreksstarf barna er lítið en þó með lífsmarki. Keppnisveitir GO tóku þátt í Íslandsmótum golfklúbba og náðu allar góðum árangri. Við áttum litla en upprennandi sveit á Íslandsmóti golfklúbba 12 ára og yngri þar sem sveitin var sameiginleg með drengjum úr GKG og hafnaði okkar sveit á palli, náði 3. sæti sem var glæsilegt.



Kvinnasveit GO lék í 1. deild kvenna og gerði vel þetta árið á heimavelli og hélt sæti sínu í deildinni, enduðu í 7. sæti og keppa því aftur á heimavelli á næsta ári. Karlasveitin okkar hélt sæti sínu í 2. deild og endaði í 6. sæti eftir hörkukeppni Eyjum.

Eldri kylfingar karla sigruðu með glæsibrag í 2. deild eldri kylfinga en mótið var haldið á Selsvelli á Flúðum.

Eldri kvinnasveit okkar mætti til leiks í Öndverðarnesi þar sem okkar konur kepptu í efstu deild en höfnuðu þær að endingu í 8. sæti eftir lokaleik við lið Nesklúbbsins um sæti í neðri hlutanum og féllu því um deild.

Ég færi golfkennurum okkar þeim Phill Hunter og Rögnvaldi Magnússyni hjartanlegar þakkir fyrir þeirra starf og þátttakendum fyrir þeirra ómetanlega framlag að vera fulltrúar okkar klúbbs á árinu.



Fjárfestingar og framkvæmdir

Við vorum róleg í vallarframkvæmdum á fyrri hluta ársins en okkar aðalverkefni var endurnýjun á girðingu í kringum æfingarsvæðið. Frágangur innanhúss í vélageymslu var kláraður ásamt því að lokið var við að útbúa nýtt þvottaplan við hlið vélageymslu. Meðal framkvæmda í sumar var frágangur nýrra fremstu teiga á holum 2. og 16. Lagt var gervigras á gatnamót 3. og 6. brautar og þar er vert hrósa okkar starfsfólki fyrir einstaklega góðan frágang. Klárað var að ganga frá svæðinu í kringum borholuna okkar og á haustmánuðum var farið í að endurnýja dren og vatnsúðarakerfi í kringum 9. og 17. flöt.

Vinna hófst svo á haustmánuðum eftir lokun vallar við endurnýjun á seinni hluta girðingar í kringum æfingarsvæðið og kláruð var vinna í kringum glompu á 8. braut sem nauðsynlegt var að breyta aðeins og bæta. Á næsta ári eru svo einhver minni verkefni á dagskrá


eins og öryggisgirðing á 12. braut við biðsvæðið á fremsta teig. Ef aðstæður leyfa verður haldið áfram með lagningu á gervigrasi í kringum 3. holu og á fleiri álagssvæðum og almennt viðhald og endurnýjun mun svo örugglega eiga sér stað á næsta ári skv. venju.

Vinavellir

Á árinu vorum við með samning við 11 frábæra golfvelli og okkar félagsmenn voru duglegir að heimsækja þá. Við höldum enn í samning utan landssteinanna við Craigielaw Golf Club í Skotlandi en engin formleg beiðni barst okkur þetta árið um spila á þeim velli og vonandi heldur þetta samstarf samt áfram og við teljum að það verði enginn svikinn af golfhring í Skotlandi sem hefur veirið talið mekka golfsins. Samningar voru áfram í gildi við Strandarvöll við Hellu, Húsatóftarvöll við Grindavík, Hamarsvöll við Borgarnes, Garðavöll á Akranesi, Glannavöll við Bifröst, Jaðarsvöll á Akureyri, Vestmannaeyjavöll, Hólmsvöll á Suðurnesjum, Gufudalsvöllur í Hveragerði og Svarfhólsvöllur á Selfossi.

Viðhorfskönnun GSI

Í nýlegri viðhorfskönnun sem Gallup vann fyrir GSI má sjá að félagsmenn Golfklúbbsins Odds eru almennt ánægðari með sinn klubb en aðrir, hvort sem borið er saman við höfuðborgarsvæðið eða landið í heild. Ég vil sérstaklega varpa fram hér tveim myndum. Annarsvegar er spurt um umhirðu vallar þar sem enginn félagsmaður í Oddi var ósáttur og hinsvegar spurningin, “myndir þú mæla með þínum golfklubb” þar sem þið félagsmenn hér eru 34% líklegri til að mæli með að kylfingar komi í GO.



Stækkun Urriðavallar

Vinna að stækkun Urriðavallar heldur áfram og er enn á skipulagsstiginu. Í augnablikinu liggur boltinn hjá Umhverfisstofnun sem er að vinna að sinni álitserð varðandi friðun hraunsins sem fólkvangs og hvort heimild fæst til að leggja golfbrautir í landinu. Vonandi fæst úrskurður hjá þeim sem fyrst svo frekari vinna geti átt sér stað.

Inniaðstaða

Eins og fram hefur komið er einnig verið að vinna að því að koma okkur upp inniaðstöðu. Í því sambandi höfum við óskað eftir viðræðum við Garðabæ um að þeir ásamt landeiganda komi að þeirri framkvæmd. Því erindi okkar hefur enn ekki verið svarað. Verður það verkefni næstu stjórnar að fylgja því máli eftir.

Fjármál

Fyrir ári síðan kynntum við fjárhagsáætlun sem gerði ráð fyrir taprekstri á klúbbum enda erfitt að gera ráð fyrir sól og sumaryl líkt og raunin varð í gerð fjárhagsáætlunar. Fjárhagsár golfklúbbsins er frá 1. nóvember til 31. október. Framkvæmdastjóri mun fara yfir reikninga klúbbsins á fundinum en þrátt fyrir að samdráttur hafi orðið í tekjum af fyrirtækjum og mótum þá var veruleg aukning í seldum hringjum á vallarsvæðinu og sér í lagi á Ljúfling, þar sem tekjurnar meira en tvöfölduðust. Stjórnin lítur svo á að æðri máttarvöld hafi rétt okkur hjálparhönd þetta árið og tryggt okkur það að við erum réttu megin við núllið og smátt og smátt náum við að byggja upp efnahagsreikning félagsins og eiga þar með varasjóð ef ytri aðstæður verða okkur erfið.

Í starfsemi golfklúbba er samstarf við fyrirtæki mikilvægur hluti rekstrarins enda er ljóst að ef ekki kæmi til þessa samstarfs yrðu félagsgjöld að hækka mikið. Það er því leitt að sjá að mörg fyrirtæki hafa verulega dregið saman í stuðningi sínum við klubbinn og við höfum séð á eftir stórum samstarfsaðilum sem hafa verið með okkur í mörg ár, það sama er að gerast í allri golfhreyfingunni svo við sitjum ekki ein að vandamálinu. Það er hætt við að þessi þróun haldi áfram á næsta ári og því mikilvægt að gæta aðhalds í rekstri. Í okkar rekstri skipta allar fjárhæðir máli hvort sé um að ræða litlar eða stórar fjárhæðir, við erum hvergi hætt í umleitan okkar til Garðabæjar um meiri aðkomu bæjarfélagsins enda finnst okkur að við eigum að njóta sanngirnis þegar kemur að styrkveitingum til íþróttafélaga. Því miður lítur út fyrir að við munum enn eitt árið sitja á biðstofunni þegar kemur að fjármögnun verkefna af hálfu sveitarfélagsins. Við vonum þó það besta.

Að lokum

Í upphafi þessa sumars átti ég nú ekki von á því að standa hér fyrir framan aðalfund og ávarpa ykkur sem starfandi formaður en þegar Elín Hrönn tilkynnti stjórn að hún yrði að segja af sér embætti var leitað til mín og ég taldi mig ekki geta skorast undan þeirri ábyrgð.

Til að halda áfram með þá vegferð sem golfklúbburinn er í hef ég ákveðið að gefa kost á mér til formanns Golfklúbbsins Odds starfsárið 2020. Mörg krefjandi verkefni liggja fyrir næstu stjórn og þá sérstaklega það verkefni að vinna að því að golfklúbburinn njóti jafnræðis innan bæjarfélagsins við önnur sambærileg íþróttafélög og langar mig að leiða það verkefni áfram til árangurs fyrir okkur félagsmenn í GO.

Ég er stoltur af velliðum okkar, stoltur að heyra alla hrósa velliðum okkar, starfsfólki og þjónustu hvort sem um er að ræða félagsmenn eða aðra kylfinga, þakklátur að hér ríkir góður félagsandi því það er svo sannarlega ekki sjálfgefið.

Ég þakka starfsmönnum klúbbsins fyrir vel unnin störf og öllum þeim sjálfbodaliðum sem vinna óeigingjarnt starf í þágu klúbbsins. Við færum þeim fyrirtækjum sem lögðu starfsemi sína lið á liðnu ári sérstakar þakkir. Að lokum þakka ég meðstjórnendum mínum og Sigurði Inga Halldórssyni fyrir samstarfið á árinu, ég er þakklátur fyrir að hafa haft ykkur með mér. Ég endurtek þakki til Elínar fyrir hennar störf á árinu og síðustu ár.

Stjórn Odds óskar félagsmönnum sínum gleði og gæfu á nýju ári og þakkar fyrir ánægjulegar samverustundir á árinu sem er að liða.

f.h. stjórnar Golfklúbbsins Odds
Kári Sölmundarson





Klúbbhúsið á Sand Valley



Adrian og Pelle frá Vasatorp í svíþjóð með Svavari og Rögga



Ulf og Birgitta frá Vasatorp með Dídí og Bjössu

Fulltrúar GO í golfmótinu "Road to Sand Valley"



Frá vinstri Birna, Röggi, Dídí, Bjössi, Aðalbjörg, Svavar og Etna



GLÆSILEGUR HÓPUR GO FÉLAGA Í HAUSTGOLFFERÐ GO Á EL PLANTIO





Golfklúbburinn Oddur

Ársreikningur 2019


Golfklúbburinn Oddur
Kennitala 611293-2599
Pósthólf 116, 212 Garðabær

	bls.
Áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðenda	4-5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9
Sundurliðanir	10-12

Stjórn Golfklúbbsins Odds og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning klúbbsins fyrir tímabilið 1. nóvember 2018 til 31. október 2019 með undirskrift sinni.

Garðabæ, 28. nóvember 2019

Í stjórn Golfklúbbsins Odds:



Jana Jónsdóttir
Berglind R. Hilmarsson
Andri Ólafur Guðmundsson
Guðrún Guðjónsdóttir

Framkvæmdastjóri



Til stjórnar og félagsmanna í Golfklúbbum Oddi.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbsins Odds fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu klúbbsins 31. október 2019 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé frá 1. nóvember 2018 til 31. október 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð klúbbum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi klúbbsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa klúbbinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi klúbbsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert klúbbinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Garðabæ, 28. nóvember 2019


Davíð Einarsson


Helgi F. Arnarson

Rekstrarreikningur 1. nóvember 2018 til 31. október 2019

	Skýringar	1.11.2018- 31.10.2019	1.11.2017- 31.10.2018
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld	2	118.023.223	110.004.316
Vallartekjur	3	43.008.512	29.424.356
Styrkir og fjáraflanir	4	19.115.367	32.024.089
Aðrar tekjur	5	12.171.243	10.130.858
		<u>192.318.345</u>	<u>181.583.619</u>
Rekstrargjöld:			
Vörunotkun	6	5.628.655	5.465.589
Laun og launatengd gjöld	7	96.839.202	90.413.690
Íþróttastarf	8	15.465.657	13.355.536
Rekstur Urriðavallar	9	39.045.707	37.168.219
Rekstur golfskála og bygginga	10	9.675.939	8.867.222
Rekstur véla og tækja	11	13.129.041	14.029.135
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	12	8.296.145	6.737.970
		<u>188.080.346</u>	<u>176.037.361</u>
Rekstrarhagnaður f. afskr. og fjármagnsliði		4.237.999	5.546.258
Afskriftir fastafjármuna		1.507.246	1.151.639
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		918.976	903.742
Vaxtagjöld og verðbætur		(1.164.768)	(1.216.364)
		<u>(245.792)</u>	<u>(312.622)</u>
Hagnaður tímabilsins		<u>2.484.961</u>	<u>4.081.997</u>

Efnahagsreikningur 31. október 2019

	Skýringar	31.10.2019	31.10.2018
Eignir			
Fastafjámunir			
Vallareftirlitsbíll		561.009	660.011
Golfbílar/golfsett/kerrur		7.099.966	7.792.503
Aðrar eignir		17.003.361	17.350.368
		<u>24.664.336</u>	<u>25.802.882</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		7.350.635	10.556.817
Birgðir, endursöluvörur	6	2.308.826	2.389.880
Vallarvörubirgðir		3.231.529	2.992.613
Handbært fé	13	45.042	219.705
		<u>12.936.032</u>	<u>16.159.015</u>
Eignir samtals		<u>37.600.368</u>	<u>41.961.897</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	14	15.155.427	12.670.466
Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur á tékkareikningi		5.190.174	7.396.544
Ógr laun og launatengd gjöld	15	11.795.489	9.570.294
Ýmsar skammtímaskuldir	16	3.480.477	8.712.830
næsta árs afborganir langtímaskulda		1.774.530	1.615.813
		<u>22.240.670</u>	<u>27.295.481</u>
Langtímaskuldir			
Landsbankinn v/golfbíla		1.978.801	3.611.763
- næsta árs afborganir		(1.774.530)	(1.615.813)
		<u>204.271</u>	<u>1.995.950</u>
Skuldir samtals		22.444.941	29.291.431
Eigið fé og skuldir samtals		<u>37.600.368</u>	<u>41.961.897</u>

Sjóðstreymi 1. nóvember 2018 til 31. október 2019

	1.11.2018- 31.10.2019	1.11.2017- 31.10.2018
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Hagnaður (tap) ársins	2.484.961	4.081.997
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	1.507.246	1.151.639
	<u>3.992.207</u>	<u>5.233.636</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	3.206.182	(3.613.261)
Birgðir	(157.862)	526.126
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	(5.213.528)	7.981.326
	<u>(2.165.208)</u>	<u>4.894.191</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	1.826.999	10.127.827
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(368.700)	(9.924.517)
	<u>(368.700)</u>	<u>(9.924.517)</u>
Fjármögnunarahreyfingar		
Afborganir langtímaskulda	(1.632.962)	(1.492.917)
Ný langtímalán	0	0
	<u>(1.632.962)</u>	<u>(1.492.917)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(174.663)	(1.289.607)
Handbært fé í byrjun tímabils	219.705	1.509.312
Handbært fé í lok tímabils	<u>45.042</u>	<u>219.705</u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.3 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar til eignar á innkaupsverði.

1.4 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistöðum að frádreginni skuld við lánastofnanir. Yfirdráttur við lánastofnanir er færður á meðal skammtímaskulda.

1.5 Samningur við Golfklúbb Oddfellowa

Þann 27. nóvember 2017 var undirritaður nýr samningur við Golfklúbb Oddfellowa um leigu á öllum eignum Golfklúbbs Oddfellowa í Urriðavatnsdölum. Nánar er hér um að ræða 18 holu golfvöll ásamt æfingaaðstöðu, golfskála, vélageymslu með tilheyrandi lausafé og níu holu æfingarvellingum Ljúflingi. Þá tekur GO á leigu vélar og tæki GOF, samkvæmt tækjalista. Samningurinn gildir frá 1.11.2017 til 31.10.2020. Leigugjaldið fyrir ofangreind afnot eru kr. 26.000.000 árlega, auk þess kr. 4.000.000 fyrir afnot af vélum og tækjum. Af leigugjaldinu eru 12.500.000 verðtryggðar m.v. vísitölu neysluverðs.

Sundurliðanir

	1.11.2018- 31.10.2019	1.11.2017- 31.10.2018
2. Félagsgjöld		
Félagsgjöld	117.918.223	109.014.316
Inntökugjald.....	105.000	990.000
	<u>118.023.223</u>	<u>110.004.316</u>
3. Vallartekjur		
Urriðavöllur.....	11.065.100	7.537.580
Ljúflingur.....	11.714.850	5.609.700
Tekjur af mótahaldi.....	9.269.409	9.220.170
Gjöld v/ vallartekna og mótahalds.....	(1.500.262)	(520.411)
Tekjur af boltavél á æfingasvæði.....	9.199.342	5.599.070
Gjöld af boltavél á æfingasvæði.....	(499.524)	(1.210.917)
Golfbílaleiga, golfsetta og kerruleiga.....	3.759.597	3.189.164
	<u>43.008.512</u>	<u>29.424.356</u>
4. Styrkir og fjáröflun		
Styrkir og stuðningur fyrirtækja.....	11.415.367	15.516.779
Styrkir sveitarfélaga.....	7.700.000	7.700.000
Aðrar fjáraflanir.....	0	8.807.310
	<u>19.115.367</u>	<u>32.024.089</u>
5. Aðrar tekjur		
Leigutekjur af golfskála.....	1.400.000	1.670.937
Lottó-getraunir.....	1.936.945	1.252.557
Vörusala	6.039.798	5.750.864
Aðrar tekjur	2.794.500	1.456.500
	<u>12.171.243</u>	<u>10.130.858</u>
6. Vörunotkun		
Innkaup til endursölu	5.547.601	5.076.578
Vörubirgðir í ársbyrjun	2.389.880	2.778.891
Vörubirgðir í árslok	(2.308.826)	(2.389.880)
	<u>5.628.655</u>	<u>5.465.589</u>
7. Laun og launatengd gjöld		
Launagreiðslur	71.970.945	65.344.604
Tryggingargjald	5.446.264	5.090.266
Lífeyrissjóðsgjöld	8.149.302	6.838.222
Sjóðagjöld	1.020.990	938.437
Aðkeypt vinna	3.500.175	3.048.042
Bifreiðaafnot og bifreiðakostnaður starfsmanna	2.083.000	2.127.500
Ábyrgðartryggingar	182.249	166.522
Fæðiskostnaður vallarstarfsmanna	2.762.089	2.651.485
Endurgreiddur fæðiskostnaður	(333.135)	(409.174)
Önnur launatengd gjöld	650.249	831.166
Vinnufatnaður	416.562	541.904
Reiknað áfallið orlof starfsmanna	990.512	3.244.716
	<u>96.839.202</u>	<u>90.413.690</u>

Sundurliðanir

	1.11.2018- 31.10.2019	1.11.2017- 31.10.2018
8. Íþróttastarf		
Þátttaka í mótum	276.400	897.928
Rekstur keppnissveita	860.483	202.128
Verðlaun	1.606.074	1.151.980
Þjálfun og kennsla	4.494.500	3.416.500
Inniæfingaraðstaða	0	200.000
Félagsgjöld (aðildargjöld að GSÍ o.fl.)	6.564.200	6.115.000
Vallargjöld á vinavelli	1.664.000	1.372.000
	<u>15.465.657</u>	<u>13.355.536</u>
9. Rekstur Urriðavallar		
Leiga til GOF	27.098.995	26.712.933
Almennt viðhald vallar	6.092.835	3.744.992
Áburður og fræ	3.536.876	4.239.696
Túnþökur	597.000	350.000
Jarðefni, mold, sandur og akstur	1.189.709	1.826.637
Aðrar framkvæmdir á velli	530.292	293.961
	<u>39.045.707</u>	<u>37.168.219</u>
10. Rekstur golfskála og bygginga		
Viðhald húss og áhalda	3.038.153	2.007.680
Rafmagn og hiti	3.442.072	2.978.395
Rekstur öryggiskerfa	713.588	621.963
Sorphirða og gámaleiga	1.766.697	2.656.110
Annar kostnaður	715.429	603.074
	<u>9.675.939</u>	<u>8.867.222</u>
11. Rekstur véla og tækja		
Varahlutir og viðgerðir tækja	4.707.781	5.392.831
Eldsneyti og olíur	2.090.375	2.341.104
Vátryggingar og skattar	1.068.954	1.291.717
Smááhöld, verkfæri og rekstravörur	1.261.931	1.003.483
Leiga á tækjum frá GOF	4.000.000	4.000.000
	<u>13.129.041</u>	<u>14.029.135</u>
12. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
Sími, nettengingar, burðargjöld o.fl.	722.420	628.133
Ritföng, prentun, ljósrit, bækur og blöð	1.685.466	951.081
Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta	1.943.620	2.197.362
Áhöld og tæki skrifstofu	84.951	211.251
Fundarkostnaður, ráðstefnur	124.729	178.231
Auglýsinga- og kynningarkostnaður	1.166.863	537.281
Vátryggingar	148.247	143.851
Aðkeypt bókhalds- og sérfræðiþjónusta	1.734.918	1.015.676
Annar kostnaður	684.931	339.492
Afmæli GO	0	535.612
	<u>8.296.145</u>	<u>6.737.970</u>



Sundurliðanir

	1.11.2018- 31.10.2019	1.11.2017- 31.10.2018
13. Handbært fé		
Íslandsbanki; 0546-26-803	0	219.705
Landsbanki 133-26-212	45.042	0
	<u>45.042</u>	<u>219.705</u>
14. Óráðstafað eigið fé		
Óráðstafað eigið fé 1/11	12.670.466	8.588.469
Hagnaður tímabilsins	2.484.961	4.081.997
	<u>15.155.427</u>	<u>12.670.466</u>
15. Ógreidd laun og launatend gjöld		
Ógreidd laun	9.263.825	7.514.750
Ógreidd launatengd gjöld	904.794	721.467
Ógreidd staðgeiðsla og tryggingargjald	1.626.870	1.334.077
	<u>11.795.489</u>	<u>9.570.294</u>
16. Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreiddir reikningar og kostnaður	3.180.440	8.089.739
Uppgjörsreikningur virðisaukaskatts	300.037	623.091
	<u>3.480.477</u>	<u>8.712.830</u>

Golfsamband Íslands stóð fyrir þjónustukönnun hjá kylfingum í haust og var þar um að ræða sambærilega könnun og gerð var árið 2017. Hér fyrir neðan eru samanburðartölur milli golfklúbbsins Odds, heildarinnar og höfuðborgarsvæðisins og það verður alveg að viðurkennast að við komum verulega vel út úr könnuninni. Við sjáum hins vega að það hallar vissulega á okkur í einhverjum tilvikum en eins það blasir við okkur

var við því að búast því þar er um að ræða málefni sem brenna á okkur að bæta og sýna vel þann aðstöðumun sem skapast hefur í okkar umhverfi í samanburði við okkar helstu nágranna. Það er þá verkefni næstu ára að vinna í þeim málum og halda að öðru leiti áfram með okkar góða starf og við þökkum okkar félagsmönnum og starfsmönnum fyrir þeirra framlag á liðnum árum og horfum björtum augum til framtíðar.

Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með eftirfarandi atriði hjá þínum golfklúbbi?







Kvennastarf GO - fjör allt árið



Skýrsla kvennanefndar

Kvennanefndina árið 2019 skipuðu Halla Bjarnadóttir, formaður, Auður H. Björnsdóttir, Bylgja Valtýsdóttir, Halldóra Elíasdóttir, Kristín Eiríksdóttir, Sigríður K. Andrésdóttir og Signý Halla Helgadóttir. Nefndarkonur hittust reglulega á árinu til að skipuleggja starfið sem hófst á þóttmótaröðinni í byrjun árs.

Hin árlega þóttmótaröð var haldin á laugardagsmorgnum fyrsta mótið var 12. janúar og stóð mótaröðin til 2. mars, alls átta skipti. Mótaröðin var haldin á Urriðavelli í golfskálanum þar sem voru spilaðar 13 holur og eins og árið áður var hægt taka þátt í þóttmótinu og fara svo í göngu með gönguhóp GO á eftir. Þessir morgnar voru virkilega skemmtilegir þar sem góður andi var í skálanum þar sem stundum var boðið upp á vöfflur og rjóma ásamt öðrum veitingum. Þátttaka á mótinu var með ágætum þar sem 53 konur mættu alls 199 sinnum. Keppnin var mjög jöfn og oft mjög gott skor.

Hið árlega kvennakvöld GO kvenna var haldið 23. mars og var mikið glens og gleði það kvöldið með frábærum mat, óvæntu skemmtiatriði og hinu árlega happadrætti þar sem voru margir frábærir vinningar. Verðlaunaafhending fyrir þóttmótaröðina fór einnig



Það þarf að hafa gaman og njóta

fram þetta kvöld og þóttmóttning ársins varð Ingibjörg S. Helgadóttir.

Þann 3. maí var vorkvöld þar sem dagskrá sumarstarfsins var kynnt, tískusýning á fötum frá Golf Company en kvennanefndarkonur tóku að sér hlutverk sýningastúlkna og stóðu sig að sjálfsögðu frábærlega.

Vorferðin að þessu sinni var á Akranes og vorum við fyrsti hópurinn sem kom í heimsókn þangað eftir að nýja klúbbhúsið var tekið í notkun. Ferðin heppnaðist frábærlega í alla staði, veðrið var betra en hægt var að óska sér, góðar móttökur, maturinn dásamlegur og félagsskapurinn náttúrulega einstakur.

Þann 12. júní var efnt til Kvennagleði á Urriðavelli þar sem Oddskonur máttu bjóða með sér gesti. Mótið heppnaðist ljómandi vel þrátt fyrir að til þess væri boðað með frekar skömmum fyrirvara en það var sett á í stað vinkvennamóts milli GKG og GO sem lengi hefur verið haldið. Því var aflýst þar sem ekki náðist samkomulag um fyrirkomulag mótsgjalda milli kvennanefnda klúbbanna.

Vinkvennamót milli GO og GK var með sama sniði og árið áður, þar sem spilað var tveggja daga mót tvo



Það er alltaf stutt í brosið hjá Oddskonum



Anna og Kristín á góðri stundu

daga í röð 18. og 19. júlí. Fyrri dagurinn var spilaður á Hvaleyrarvelli og seinni dagurinn á Urriðavelli og lokahófið því á heimavelli að þessu sinni. Oddskonur lönduðu sigri á þessu móti og vorum við afskaplega ánægðar með það. Mótið heppnaðist mjög vel í alla staði.

Ljúflingsmótið var haldið 7. ágúst, þar var metþátttaka en 90 konur tóku þátt enda veður dásamlegt eins og flesta daga í sumar. Veitingabíllinn brunaði um völlinn og tvær þrautastöðvar voru á milli brauta en þar var ýmislegt glens í gangi; brostið í söng, vipað með ýmsum verkfærum og fleira skemmtilegt brallað. Deginum lauk í léttum veitingum í skálanum þar sem reyndar var þröngt á þingi því það voru að minnsta kosti tveir aðrir hópar á staðnum. Þegar veðrið leikur við okkur eins og í sumar þá er eðlilegt að margt sé um manninn hjá okkur en það var ljóst þennan dag að stærri og betri aðstaða í skálanum kæmi sér vel. Þegar komið var fram í september fór veðrið aðeins að stríða okkur og því var lokamótinu frestað um eina viku og var því haldið 21. september. Þann dag var þurrt en ansi hvasst og ekkert sérstaklega hlýtt. Það



var erfitt að átta sig á veðurspánni alla vikuna en þó rættist úr veðrinu. Á endanum voru það 44 konur sem tóku þátt í mótinu og teljast þar með mestu jaxlarnir og hörðustu golfararnir í klúbbnum, veðrið var alveg ágætt og dagurinn bráðskemmtilegur. Ræst var út af öllum teigum kl. 14 og þegar komið var í skála að nýju beið fordrykkur og síðan dýrindis hátíðarmatur. Að verðlaunaafhendingu lokinni mætti trúbador og var þetta kvöld einstaklega góður endir á frábæru sumri. Kvennanefndin þakkar frábært samstarf á árinu bæði við starfsfólk klúbbsins, LUX veitingar og aðra aðila svo sem hjá Keili og á Akranesi. Fjölmargir styrktaraðilar hafa stutt starfið okkar með ýmsum hætti bæði einstaklingar og fyrirtæki og færum við þeim einnig bestu þakki. Okkar frábæru Oddskonur fá bestu þakki fyrir dásamlegt starfsár, það er heiður að fá að starfa fyrir svo frábæran hóp kvenna. Við hlökkum til komandi árs sem við vonum að færi okkur ekki síðri gleði og samveru.

Með kærri Oddskveðju
F.h. kvennanefndar GO
Halla Bjarnadóttir

Engin kæra til aganefndar

Aganefnd þetta árið skipuðu Guðmundína Ragnarsdóttir, Þórdur Ingason og Gunnar Viðar. Aganefnd þurfti aldrei að koma saman þetta árið vegna agabrots. Þannig að árið var rólegt hjá aganefnd.

Fh. aganefndar
Guðmundín Ragnarsdóttir



Skýrsla afreksnefndar GO



Kvennalið GO - Hrafnhildur, Auður, Laufey, Solla, Etna, Elín, Berglind og Kristjana

Ég er viss um að okkar afreksfólki líður ofboðslega vel að eiga heima á Urriðavelli á sumrin því þá erum við fljót að gleyma vetrinum. Vissulega erum við þakklát nágrönnum okkar fyrir að veita okkur aðgang að þeirra aðstöðu yfir vetrartímann enda það ekki sjálfgefið, en 1 klst á viku fyrir allt afreks og þá barna og unglingsstarf ef það væri á lífi telst ekki viðunandi og ekki íþróttafélagi eins og okkar sæmamið þá er ljóst.

Ég sagði frá því í skýrslu ársins 2018 að ég lofaði því að það yrði ekki endurtekið á nýju ári að eiga ekki fulltrúa á mótum GSÍ hjá börnum og unglungum og sem betur fer stóðum við okkur aðeins betur á þessu ári. Við áttum einn fulltrúa á Áskorendamótaröð GSÍ og við náðum að senda tvo keppendur á Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri sem fengu undanþágu og skipuðu lið með aðstöð ungra drengja frá GKG. Liðið stóð sig með þryði og hafnaði í 3. sæti og náði þannig í verðlaun. Því miður er ég ekki vongóður um að starfið verði blómlegt á komandi ári en það er verkefni vetrarins að tryggja eða vinna að því að bæta þetta til frambúðar.

Af okkar keppnisfólki lék Hrafnhildur Guðjónsdóttir á einstaklingsmótum á vegum GSÍ á árinu og okkar eldra keppnisfólk var duglegt að sækja á mótaraðir eldri kylfinga.

Af okkar eldri sveitum er fyrst að nefna að kvennaliði GO keppti í efstu deild kvenna á

Íslandsmóti golfklúbba sem haldið var á heimavelli og átti liðið þar gott mót. Eins og undanfarin ár hefur markmiðið verið að halda liðinu í deildinni en ljóst er að okkar konur hafa bætt sig á hverju ári og eru í dag farnar að sjá fyrir sér að komast í baráttu um efstu sætin og hver veit nema það verði að veruleika. Á næsta ári gefst liðinu kostur á því að keppa aftur á heimavelli og vonandi sjáum við þær á lokadegi því þá vitum við að markmiði ársins hefur verið náð og þær eru að keppa um efstu sætin.

Lið GO kvenna skipuðu þær: Sólveig Guðmundsdóttir, Auður Skúladóttir, Laufey Sigurðardóttir, Elín Hrönn Ólafsdóttir, Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Etna Sigurðardóttir, Berglind Rut Hilmarsdóttir og Kristjana S. Þorsteinsdóttir sem einnig var liðsstjóri.

Sveit karla keppti í 2. deild og fór mótið fram í Vestmannaeyjum. Markmiðið var að halda sér í deildinni en vissulega vildu okkar menn komast í toppbaráttuna. Keppni var jöfn og spennandi og okkar drengir enduðu í 6. sæti eftir naumt tap fyrir liði NK í leik um 5. sæti. Nokkur endurnýjun var í liði GO þetta árið og keppnisveitin þetta árið var skipuð þeim Rögnvaldi Magnússyni, Skúla Ágústi Arnarssyni, Óskari Bjarna Ingasyni, Bjarka Már Davíðssyni, Elíasi Jónssyni, Erni Stein Arnarssyni, Gunnari Má Ásgeirssyni og Sigurði Árna Þórðarsyni. Þeir Elías, Ernir og Gunnar komu nýjir inn í sveitina og gaman að sjá hægt er að sækja í stærri hóp góðra kylfinga í okkar



golfklúbba og það vonandi styrkir þessa sveit á komandi árum.

Eldri konur GO léku í efstu deild og leikið var að þessu sinni í Öndverðarnesi. Um var að ræða jafna og spennandi keppni fyrir okkar konur þetta árið og ljóst var eftir fyrstu tvær umferðinar að okkar kvennalið myndi eiga leiki um 5. – 8 sætið. Það varð að endingu niðurstaðan að okkar konur urðu að lúta í lægra haldi fyrir keppinautum sínum og endaði liðið í 8. sæti og því féllu okkar konur niður um deild. Við höfum fulla trú á því að okkar konur komi tvielfdar til leiks á næsta ári og endurheimti sæti sitt í efstu deild. Rögnvaldur Magnússon golfkennari var liðinu til halds og trausts sem liðsstjóri.

Liðið skipuðu þær Aldís Björg Arnardóttir, Ágústa Arna Grétarsdóttir, Jóhanna Dröfn Kristinsdóttir, Björg Þórarinsdóttir, Magnhildur Baldursdóttir, Ingibjörg S. Helgadóttir, Anna María Sigurðardóttir, Laufey Sigurðardóttir og Unnur Kristjánsdóttir.

Eldri keppnissveit karla mætti til leiks í 2. deild karla þetta árið og stefnan var tekin á 1. deild enda hafði liðið staðið sig með þryði í efstu deild á undanförunum árum og vilji var til staðar til að

koma sér í keppni þeirra bestu á nýjan leik. Segja má að okkar drengir hafi látið verkin tala og stóðu þeir við stóru orðin og komu liðinu upp í efstu deild með glæsibrag. Lið GO vann alla leiki sína í riðlakeppni og mætti liði Setbergs í leik í undanúrslitum og fóru okkar menn með öruggan 5 - 0 sigur í þeim leik. Í lokaeiknum léku okkar menn við lið GM og sigruðu þann leik með 3,5 vinningi gegn 1,5.

Sveit GO skipuðu þeir Phill Hunter, Guðjón Steinarsson, Magnús R. Magnússon, Hafsteinn E. Hafsteinnsson, Reynir Daníelsson, Jón "Bjarki" Sigurðsson, Óskar Bjarni Ingason, Ingi Þór Hermannsson og Sigurhans Vignir.

Þeir sem tóku þátt í afreksstarfinu í ár fá mínar þakkir fyrir sitt framlag sem frábærir fulltrúar okkar eins og undanfarin ár. Við stefnum í sameiningu á betra starf á komandi ári og það samtal og upplýsingar sem þátttakendur létu mér í tjé að loknu golfsumri verða vonandi nýtt til að bæta starfið og mæta þörfum og vonandi gera okkur enn sterkari á næsta ári.

Svavar Geir Svavarsson,
formaður afreksnefndar GO



*Keppnissveit eldri karla,
Efri röð: Sigurhans, Ingi Þór, Guðjón, Bjarki, Hafsteinn, Magnús og Reynir
Neðri röð: Óskar og Phill*



*Kvennalið - eldri konur,
Röggi liðsstjóri, Aldís, Laufey, Ingibjörg, Jóhanna, Magnhildur
Björg, Unnur, Anna og Ágústa.*



Karllalið GO, frá vinstri Bjarki, Sigurður, Óskar, Erni, Gunnar, Elías, Röggi og Skálli



Skýrsla félagsnefndar GO

Í félagsnefnd s.l. starfsár voru þau Ari Þórðarson formaður, Kristjana Þorsteinsdóttir, Örn Bjarnason og Þór Ottesen Pétursson. Svavar Geir Svavarsson starfsmaður Odds vann mjög mikið með nefndinni.

Þetta var þriðja starfsár nefndarinnar eins og hún er nú skipuð. Við höldum reglulega formlega fundi til undirbúnings þeim verkefnum sem við höldum utan um. Verkefni nefndarinnar voru unnin á tímabilinu október 2018 fram í mars 2019.

Félagsnefndin stóð fyrir eða tók þátt með einum eða öðrum hætti í eftirtöldum viðburðum á starfsárinu:

- Vínsmökkunánámskeið var haldið 24.nóvember undir stjórn Kára Ellertssonar
- Vikulegar gönguferðir hófust 12.janúar og síðasta ferðin var farin 23.mars
- Púttastaða var sett upp í klúbbhúsinu eftir áramótin
- Haldin var púttmótaröð innanhúss 25.febrúar með krýningu púttmeistara Odds, Axel Óli Sigurjónsson
- Reglunámskeið fór fram þann 14.mars og var kennari Þórður Ingason

Gönguferðirnar voru áfram vel sóttar og var svipaður fjöldi sem tók þátt og veturinn á undan eða um 200 manns. Erni Bjarnasyni, Þór Ottesen og Svarari Geir eru þakkað þeirra innlegg í að láta göngurnar ganga jafnvel og raun varð á.

Megin áhersla nefndarstarfsins hefur snúist um sinna félagsstarfi utan opnunartíma golfvallarins og það einkennir starfið. Hvað varðar veturinn 2019 til 2020 þá berast bæði góð og minna góð tíðindi af vetrarstarfinu í klúbbnum okkar. Það sem af er vetri hefur verið mikill kraftur í starfsemi veitingamanna okkar og fram til jóla í boði hlaðborð af ýmsu tagi sem við teljum mjög jákvætt. Þessi öfluga starfsemi hefur aftur þær afleiðingar að ekki verður boðið upp á púttastöðu í vetur í klúbbhúsinu og það er auðvitað miður.

Nefndin reiknar með að eftir áramótin verði m.a. framhald á gönguferðunum vinsælu og nýliðamóttakan verði skilgreind og gerð hluti af fastri starfsemi klúbbsins.

Það liggur fyrir að Þór Ottesen Pétursson mun hætta í nefndinni vegna flutnings erlendis og erum honum færðar miklar þakkir fyrir samstarfið.

Félagsnefnd þakkar að lokum félögsmönnum Odds sem tóku þátt í einhverjum að þeim viðburðum sem nefndin kom að á starfsárinu sem og auðvitað öðlingunum Svavari og Þorvaldi fyrir mjög gott samstarf.

Ari Þórðarson, formaður félagsnefndar



Sumir létu ekki léttan snjóstorm aftra sér frá því að ganga um golfvöllinn



Það skein að sjálfsögðu sól á göngufólk endrum og eins og þá er stutt í brosið





Skýrsla mótanefndar GO 2019

Kæru félagar.

Mótaárið 2019 var líflegt og flott í alla staði og endurspegladist af veðrinu sem aldeilis lék við kyflinga í sumar. Sá góði andi sem verið hefur í félagslífi okkar undanfarin ár og skapað kjölfestuna í mótahaldi og þá um leið í félagsstarfinu sýndi sig í góðri þátttöku í mótum sumarsins.

Á vegum mótanefndar voru haldin tíu innanfélagsmót, þrjú opin mót, tvö mót í tengslum við GSÍ eða alls 15 mót sem fulltrúar mótanefndar komu að. Að öðru leiti voru haldin sex boðsmót á vellinum sem starfsmenn GO sjá um en þessum mótum hefur fækkað verulega á undanförunum árum. Alls tóku um 2274 keppendur þátt í þessum mótum og þar af um 1500 félagsmenn. Í sumar voru svo einnig nokkur mót á vegum okkar flottu kvinnanefndar sem þær hafa almennt séð um sjálfar með aðstoð starfsmanna GO. Ýmsir minni hópar og fyrirtæki voru svo með mótahald á vellinum eins og undanfarin ár.

Á árinu átti liðakeppni GO sinn sess að innanfélagsmótunum eins og undanfarin ár, þar sem liðið Sex Urriðar sigraði með einum minnsta mun í 13 ára sögu mótsins alls voru leikin 5 mót í liðakeppninni í ár.


Meistaramótið var fjölmennt í ár og við viljum endilega sjá það vaxa og vinnum í því á hverju ári að hvetja félagsmenn á öllum stigum golfsins til að taka þátt. Við horfum á mótið sem ákveðna sumarhátíð sem skapar frábært félagsumhverfi enda hittast þar í ýmsum flokkum keppendur sem alla jafnan leika ekki saman á sumrin, þar eigast einnig við góðir vinir og spilafélagar og sögurnar sem skapast lifa um ókomin ár. Stóra innanfélagsmótið var nýtt á nálinni í sumar og þar var glæsilegt mót í alla staði og verðlaunin stórglæsileg. Sigurvegarar mótsins fóru fyrir hönd GO til Póllands í liðakeppni og þetta var flott viðbót við mótahald síðustu ára. Gaman er frá því að segja að lið GO hafnaði í öðru sæti í mótinu í Póllandi og mjög líklegt er að mótið verði endurtekið næsta sumar og öruggt að margir munu eflaust ætla sér í verðlaunasæti og fá þann heiður að vera okkar fulltrúar á erlendri grund. Af öðrum innanfélagsmótum ber að nefna 17. júní gleðina og að sjálfsögðu okkar gullmola Bændaglimuna sem eins og síðustu ár sló öll þátttökumet og er örugglega fjölmennasta glíma landsins.

Við höldum þrjú flott opin mót, ZO-ON mótið, Úrval útsýn miðnæturmótið og Opna Beronia - Loch Lomond en alls tóku um 460 keppendur þátt í þessum þremur mótum.

Íslandsmót golfklúbba 1. deild karla og fór fram dagana 26. -28. júlí. Sú nýbreytni var prófuð í ár að Golfklúbburinn Oddur og GKG stóðu saman að því að halda Íslandsmót golfklúbba, bæði í karlaflokki og kvennaflokki. Þetta er spennandi verkefni til tveggja ára og verður þetta mót því haldið aftur hjá þessum golfklúbbum á næsta ári. Í ár spiluðu karlarnir fyrsta daginn hjá Oddi og annan daginn hjá GKG á meðan að konurnar spiluðu fyrsta daginn hjá GKG og annan daginn hjá Oddi. Úrslitakeppnin um efstu sætin fór svo fram í báðum flokkum hjá GKG á sunudeginum en spil um neðri sætin fór fram hjá Oddi. Lokahóf var svo haldið hjá GKG að loknu móti. Þessu verður svo snúið við á næsta ári. Keppendur voru alls 128 í 16 liðum. Íslandsmeistarar karla og kvenna urðu svo lið GKG og óskum við

þeim innilega til hamingju með flottan árangur. Eflaust gæti ég talið upp ýmis önnur mót en þetta var svona kjarninn í mótahaldi sumarsins. Mótanefndarfólki og öðrum þeim sem lögðu fram krafta sína í sjálfböðavinnu vegna mótanna vil ég þakka sérstaklega fyrir samstarfið á árinu. Fórnfýsi ykkar hefur verið ómetanleg og engan veginn er hægt að fullþakka hana og mótanefndin er með opna arma ef einhverjir vilja leggja henni lið og um að gera að koma sér á framfæri við mig ef áhugi er til staðar í þá veru. Starfsfólki GO, starfsfólki veitingasöluunnar og öllum þeim sem komu að mótum GO í ár með einhverjum hætti vil ég einnig þakka fyrir gott samstarf á árinu.

Með golfkveðju,
Valdimar Júlíusson formaður mótanefndar.





MÍÐLAR GOLFKLÚBBSINS ODDS

www.oddur.is

Vefsíða Golfklúbbsins Odds - oddur.is - er grunnstoð í félagsstarfi GO og hefur að geyma helstu upplýsingar um starf klúbbsins.

Síðunni er ekki síst ætlað að koma mikilvægum skilaboðum áleiðis til félagsmanna.

Heimsóknum á síðuna fækkaði frá síðasta ári sem væntanlega tengist því að Evrópumótið skilaði umferð á heimasíðu okkar sem svo átti ekki við á liðnu ári. Við sjáum í því samhengi kannski tengingu við að færri konur skoðuðu síðuna í ár en í fyrra skv. mælingum

Notkun á síðunni Oddur.is á starfsárinu 2019:

Innlit: 47.309 (37.646)

Notendur: 20.459 (14.026)

Flettingar: 136.436 (112.447)

Meðaltími á oddur.is: 2:00 mín (2.47 mín)

*Frá 1. nóvember 2018 - 31. október 2019

Innlit á oddur.is eftir kynjum:

Karlar: 64,50%

Konur: 35,50%

Notkun á oddur.is eftir tækjum:

Tölvur: 42,47 % var 64,5% 2017

Snjallsímar: 46,37 % var 22,1% 2017

Spjaldtölvur: 11,06 % var 13,4% 2017



Facebook er mjög áhrifamikill og mikilvægur samskiptamiðill fyrir Golfklúbbinn Odd til að hafa samskipti við félagsmenn og aðra kylfinga á Íslandi og víðar. Fjöldi þeirra sem „líkar“ síðuna hefur vaxið undanfarin ár. Í dag eru um 1500 fylgjendur og hefur þeim fjölgað um 20 % frá árinu 2017.

Tölfræði um Facebook Golfklúbbsins Odds:

Fylgjendur: 1494

45 % fylgjenda eru konur

55 % fylgjenda eru karlar

Fréttabréf Golfklúbbsins Odds þjónar mikilvægum tilgangi við að koma öllum helstu upplýsingum hratt og örugglega til félagsmanna klúbbsins. Á meðan golfvertíð stendur, sendir klúbburinn u.þ.b. einn póst til félagsmanna á viku. Póstlistinn hefur vaxið á árinu og eru nær allir félagsmenn skráðir og fá þannig allar helstu fréttir frá klúbbnum beint í pósthólfíð.

Ef þú ert ekki að fá póst biðjum við þig að senda okkur póst á oddur@oddur.is og við kippum því í liðinn

Hagnýtar upplýsingar um Fréttabréf GO

Fjöldi pósta 2019: 30 póstar

Fjöldi á póstlista: 1.204



LUX VEITINGAR KYNNA GLÆSILEGA TILBÚNA MATARPAKKA

Tilvalið fyrir jól og áramót eða hvaða tilefni sem er.

Í boði er að kaupa heildarpakkann sem settur er þá upp fyrir fjóra en einnig er í boði að kaupa stakar vörur.

Félagsmenn í Oddi fá 10 % afslátt ef keyptur er heildarpakki og pantað fyrir 15. desember.

Forréttur:

Humarsúpa Lux veitinga, Kókós, Chilli & hvítlaukur (1.L)

200 gr marineraðir humarhalar.

Trufflað wellington

Sérvalinn íslensk nautalund, trufflumarinerað með hvítlauk og timjan.

Vafin í gæða hráskinku og villisveppa duxell fyllingu.

Rúllað inn í smjördeig og klárt í ofninn.

Meðlæti:

Alvöru rauðvins & villisveppasoðgljái, lagaður af meistarakokkum hjá Lux veitingum.

Grillað brokkolíni, íslenskur ostur & sólblómafræ

Hvítlauks ristaðir sveppir

Sætkartöflu pie með pekan hnetu krösti

Eftiréttur

Sherry fromage "Ala Amma"

Ommnom súkkulaði, sykruð brómber & kaffi karmella.

Verðlisti

Lux wellington 3 rétta máltíð fyrir 4 (allt að ofantöldu)

25.190 kr per pakka eða 6296 kr á mann.

(10% afsláttur ef félagsmenn panta þennan pakka fyrir 15. desember)

Einnig er hægt að kaupa vörurnar stakar

Humar súpa 1 líter.

5950 kr

Trufflað Wellington, sérvalin íslensk nautalund

10.742 kr 1.2 kg (8950 kr kg)

Heimsending

5900 kr

Eldunar leiðbeiningar fylgja Lux Wellington pakknum. Maturinn er afgreiddur í vistvænum og þægilegum umbúðum og eftir samkomulagi. Hægt er að panta á netfangið veitingar@luxveitingar.is eða í síma 770-0401/852-6757. Allir sem versla vörur frá LUX fyrir jólin fá 10% afslátt af pinnamat úr vefverslun LUX veitinga sem opnar í desember sem tilvalið er að nýta við gott tækifæri.

Jólakveðja
Viktor & Hinrik

